

Kynningu á verkefni fyrir rækun á bláskel

Undanfarin ár hef ég unnið að þróun aðferðar til að rækta og vinna bláskel á hagkvæmari hátt en tíðkast nú í helstu framleiðslulöndum bláskeljar. Hugmyndin byggist á því að sjósetja fleka með áföstum ræktunarlínunum. Lirfur bláskeljar setjast á þessar línur og eftir 2 – 3 ár hafa þær vaxið í þá stærð, sem eftirsótt er á markaði fyrir bláskel. Ræktun með flekum er þekkt og hefur verið stunduð m.a. á Spáni. Hugmyndin sem hér um ræðir er að færa flekaræktunina til nútíma vinnuaðferða með stærri og þyngri verkfærum. Flekarnir verði teknir um borð í þjónustuskip, skelin fjarlægð og færð til vinnslu.

Eftir að ég hóf þróun þessa verkefnis sannfærðist ég fljótt um, að Ísland hefði ýmsa kosti fram yfir hin hefðbundnu framleiðslulönd, og má þar helst til nefna hreinan sjó, óspillta náttúru og gott orðspor Íslands á alþjóðavettvangi. Þröngir og tiltölulega veðurmildir firðir Vestfjarða henta sérstaklega vel. Þar er nægilegt sjórými til staðar. Þar sem hluti Golfstraums fer inn Ísfjarðardjúpi endurnýjast sjórinn tvisvar á sólarhring. Áætlað er að sjómagnið sem endurnýjast í hvert sinn sé um 70 til 80 milljón rúmmetrar. Firðirnir eru svokallaðir þröskuldafirðir þ.e.a.s. dýpstir innst en grynningar í fjarðarmynninu. Þetta leiðir til þess að ölduhæð næst ekki upp í fjörðunum þar sem aldan dettur dauð þegar hún kemur á grynningarnar. Fyrir kræklingarækina er þetta ákjósanleg staða. Mikið dýralíf er á botnum fjarðanna sem flýtir fyrir niðurbroti á dauðum skelfiski sem hrinur af línunum. Þetta stytir einnig hvíldartíma ræktunarsvæðanna, sem er nauðsynlegur þáttur í ræktuninni til að viðhalda jafnvægi lífríkis svæðanna og tryggja há gæði afurðanna.

Ég hef sótt um og fengið úthlutað ræktunar og rekstrarleyfi til ræktunar á 10.000 tonnum af bláskel í Skötufirði við Ísafjarðardjúpi. Á þessu svæði er mikið selalátur. Gera má ráð fyrir að selir muni sækjast í að hvíla sig á flekunum en slíkt væri mikill sjónyndisauki fyrir ferðamenn. Einnig verða flekarnir málaðir í felulitum til að minnka vægi sjónmengunar. Upphaflega var gert ráð fyrir að flytja skeljasandinn, sem myndast sem aukaafurð við framleiðsluna, norður fyrir Ísland og nýta til að draga úr súrnun sjávar. Möguleiki hefur nú opnast fyrir því að nýta skeljasandinn til kalkvinnslu, sem væri mun arðbærara, en sú nálgun er enn á frumstigi.

Heimsneysla á bláskel var 1,3 milljón tonn árið 1993 en tíu árum síðar er hún komin upp í 2,3 milljón tonn. Þetta er vöxtur upp á 100 þús tonn á ári og hann heldur áfram. Í rekstraráætlun þessa verkefnis er gert ráð fyrir 100 þúsund tonna ársframleiðslu en afkastageta ræktunarsvæðisins má ætla að sé allt að tífalt meiri.

Næsta skref er að fjárfesta í flekum, þjónustuskipi og vinnslu.

Nánari lýsingar á verkefninu, áætlunum og myndefni er hægt að nálgast á heimasíðu verkefnisins: NORTHLIGHTSEAFOOD.IS

Oslo 11.9.2018
Kristján Daðason